

30.mars 2016

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúar 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 34 ma.kr. samanborið við 54 ma.kr. 2015. Tekjur af stöðuleikaframlagi námu 17 ma.kr. í janúar, niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána nam 15,2 ma.kr. Handbært fé lækkar um 34 ma.kr. samanborið við 50 ma.kr. á árinu 2015.

## Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	42.408	34.021	54.769
Greidd gjöld	52.856	53.220	70.487
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-10.448</b>	<b>-19.199</b>	<b>-15.718</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	4.384	-34.446	-18.437
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-6.064</b>	<b>-53.644</b>	<b>-34.156</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>-3.201</b>	<b>-1.487</b>	<b>-1.268</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-9.265</b>	<b>-55.131</b>	<b>-35.424</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-2.034</b>	<b>-3.729</b>	<b>-6.226</b>
Innanlands	-2.034	3.729	933
Erlendis	0	0	5.293
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-11.299</b>	<b>-58.860</b>	<b>-41.650</b>
<b>Lántökur</b>	<b>-4.111</b>	<b>9.122</b>	<b>7.536</b>
Innanlands	-4.111	9.122	7.536
Erlendis	0	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-15.410</b>	<b>-49.738</b>	<b>-34.113</b>

**Innheimtar tekjur** í janúarmánuði námu 54,8 ma.kr. sem er 61% aukning miðað við sama mánuð í fyrra. Ástæðan fyrir þessari miklu aukningu eru tekjur af stöðugleikaframlagi sem námu alls 17 ma.kr. í janúar. Að frádregnu stöðugleikaframlagi voru tekjur ríkissjóðs 37,8 ma.kr. sem er 11% aukning frá fyrra ári. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir að tekjur í janúar yrðu 53,2 ma.kr. og eru tekjur því 1,6 ma.kr. umfram áætlun. Það þarf hinsvegar að taka frávikum frá áætlun með fyrirvara þar sem uppgjörstímabilið er aðeins einn mánuður og því of stutt til að fela í sér marktæka vísbendingu um frávik komandi mánaða.

Skatttekjur og tryggingagjöld voru rúmlega 36,5 ma.kr. sem er rúmlega 14% aukning milli ára. Ef leiðrétt er fyrir eftirstöðvum og innborgunum vegna fyrri ára er aukningin 9,8%. Tekjuskattur einstaklinga nam tæplega 14,8 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. umfram ætlun. Staðgreiðsla tekjuskatts var rúmlega 14,5 ma.kr. sem er 26% aukning milli ára. Sú aukning endurspeglar almennar launahækkanir á síðasta ári.



Tekjuskattur lögaðila var 1,6 ma.kr. sem er margfalt meiri innheimta en árið á undan. Þessi liður gefur ekki góða vísbendingu um innheimtu á næstkomandi mánuðum þar sem lögaðilar greiða enga fyrirframgreiðslu í janúarmánuði og stafa því tekjurnar af eldri eftirstöðvum eða innborgunum vegna fyrri ára. Fjármagnstekjuskattur dróst hinsvegar saman milli ára og var 1,2 ma.kr. í janúar sem er 0,5 ma.kr. undir áætlun. Ef fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði er undanskilin var innheimtan rétt yfir 1,1 ma.kr.

### Tekjur ríkissjóðs janúar 2014-2016 (m.kr.)

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>38.716</b>	<b>32.015</b>	<b>36.545</b>	<b>30,7</b>	<b>-17,3</b>	<b>14,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>20.223</b>	<b>13.542</b>	<b>17.570</b>	<b>65,1</b>	<b>-33,0</b>	<b>29,7</b>
Tekjuskattur einstaklinga	12.823	11.392	14.770	22,7	-11,2	29,7
Tekjuskattur lögaðila	2.374	311	1.608	182,4	-86,9	417,0
Skattur á fjármagnstekjur	5.027	1.839	1.191	424,7	-63,4	-35,2
<b>Eignarskattar</b>	<b>570</b>	<b>631</b>	<b>586</b>	<b>-4,9</b>	<b>10,7</b>	<b>-7,2</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>10.216</b>	<b>9.760</b>	<b>9.646</b>	<b>3,4</b>	<b>-4,5</b>	<b>-1,2</b>
Virðisaukaskattur	4.499	3.812	3.851	13,2	-15,3	1,0
Vörugjöld af ökutækjum	245	324	543	-32,5	32,3	67,6
Vörugjöld af bensíni	922	1.041	833	17,2	12,9	-20,0
Skattar á olíu	546	533	609	4,4	-2,4	14,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.355	1.464	1.674	-2,7	8,1	14,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	2.649	2.586	2.136	-6,8	-2,4	-17,4
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti</b>	<b>516</b>	<b>429</b>	<b>460</b>	<b>-12,5</b>	<b>-16,8</b>	<b>7,2</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>844</b>	<b>898</b>	<b>813</b>	<b>26,9</b>	<b>6,4</b>	<b>-9,5</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>6.347</b>	<b>6.756</b>	<b>7.471</b>	<b>12,7</b>	<b>6,4</b>	<b>10,6</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>14</b>	<b>43</b>	<b>17</b>	<b>3,4</b>	<b>206,6</b>	<b>-60,2</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>3.615</b>	<b>1.964</b>	<b>18.207</b>	<b>11,9</b>	<b>-45,7</b>	<b>827,0</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>64</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>42.408</b>	<b>34.021</b>	<b>54.769</b>	<b>29,0</b>	<b>-19,8</b>	<b>61,0</b>

Tekjur af eignarsköttum, þ.e. stimpilgjaldi og erfðafjárskatti, námu tæplega 0,6 ma.kr. Tekjurnar drógust saman um 7,2% milli ára en hafa ber í huga að þessi liður er talsvert óreglulegur eftir mánuðum.

Skattar á vöru og þjónustu drógust einnig saman milli ára og voru alls 9,6 ma.kr. í janúar sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 3,9 ma.kr. Innheimtan í janúar er vegna veltu fyrir mánuðina nóvember og desember á síðasta ári og því ekki hægt að sjá áhrifin af kerfisbreytingu frá síðustu áramótum, þ.e. virðisaukaskattskyldu á fólksflutninga og aðra ferðaþjónustutengda starfsemi, í nýjustu innheimtugögnum. Vörugjöld af ökutækjum jukust talsvert milli ára og námu 0,5 ma.kr. auk þess jókst olíugjaldið milli ára var alls 0,6 ma.kr. Vörugjöld af bensíni drógust hinsvegar saman og námu 0,8 ma.kr.



Áfengis- og tóbaksgjald var tæplega 1,7 ma.kr. Innheimtan er vegna sölu í desember og því ekki hægt að sjá áhrifin af hækkun áfengisgjalds í ársbyrjun. Áfengisgjald var 1,1 ma.kr. sem er 22% aukning milli ára. Sala á áfengi í desember, mæld í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst um 2,2% milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi voru tæplega 0,6 ma.kr. en tóbakssala í desember mæld í vindlingum dróst saman um 2% milli ára.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld voru tæplega 0,5 ma.kr. sem er 7,2% aukning milli ára. Afnáam tolla af fatnaði og skóm í ársbyrjun er ekki farið að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs en ástæðan fyrir því er að flest innflutningsfyrirtæki nýta sér tveggja mánaða gjaldfrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum.

Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 10,6% milli ára og námu samtals 7,5 ma.kr. sem er á áætlun. Hér gætir áhrifa af kjarasamningum síðasta árs eins og áður var nefnt varðandi innheimtu tekjuskatts einstaklinga.

Aðrar skatttekjur voru alls 18,2 ma.kr. sem er gífurleg aukning frá fyrra ári. Ástæðan fyrir þessari miklu aukningu eru 17 ma.kr. tekjur af stöðugleikaframlögum frá slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja.

**Greidd gjöld** námu 70,5 ma.kr. og jukust um 17,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 32%. Þar af var niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána 15,1 ma.kr. Önnur útgjöld jukust því um 2,1 ma.kr milli ára eða um 4%. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

### Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	7.380	7.216	8.540	43,6	-2,2	18,3
Almenn opinber þjónusta	4.671	4.254	4.638	4,7	-8,9	9,0
Almannatryggingar og velferðarmál	11.848	12.349	10.557	29,6	4,2	-14,5
Heilbrigðismál	10.826	11.902	12.806	7,8	9,9	7,6
Efnahags- og atvinnumál	4.242	3.778	19.065	18,8	-10,9	404,6
Menntamál	9.261	8.989	9.435	2,3	-2,9	5,0
Menningar-, íþróttar- og trúmál	1.576	1.632	1.820	-2,8	3,6	11,5
Lög- og réttargæsla	1.750	1.625	1.928	0,5	-7,1	18,6
Önnur útgjöld	1.301	1.474	1.698	-2,6	13,3	15,2
<b>Gjöld alls</b>	<b>46.113</b>	<b>53.220</b>	<b>70.487</b>	<b>6,4</b>	<b>15,4</b>	<b>32,4</b>

Eins og vikið er að hér að framan skýra 15,1 ma.kr. útgjöld vegna niðurgreiðslu vertryggðra húsnæðislána megnið af þeirri útgjaldaaukningu sem verður vegna efnahags- og atvinnumála milli ára.



Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 10,6 ma.kr. í mánuðinum og lækkuðu um 1,8 ma.kr. milli ára þar sem 2,5 ma.kr. greiðsla barnabóta var í febrúar en hafði verið í lok janúar á síðasta ári.

Framlög til aldraðra aukast um 450 m.kr. og örorkubætur um 320 m.kr. milli ára.

Fjármagnskostnaður er í samræmi við áætlun, en hækkar um 1,3 ma.kr. milli ára.

Kostnaður við heilbrigðisþjónustu hækkar um 0,9 ma.kr. milli ára, að megninu vegna aukins kostnaðar sjúkrahúsa.

Útgjöld menntamála hækka um tæpar 450 m.kr. frá fyrra ári, að mestu vegna framhaldsskóla.

Önnur útgjöld námu 1,7 ma.kr. á tímabilinu, Hækkun þess liðar milli ára skýrist af 0,2 ma.kr. auknum útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga, sem námu alls 1,2 ma.kr. vegna launaþróunar á síðasta ári og fjölgunar lífeyrisþega.

Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

### Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári, %
	2015	2016	2016
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	289	347	20,2
Fjármálastjórnýsla ríkisins	817	872	6,7
Utanríkismál	901	898	-0,4
Önnur almenn opinber þjónusta	754	849	12,5
Fjármagnskostnaður	7.216	8.540	18,3
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	1.493	1.673	12,1
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>11.470</b>	<b>13.178</b>	<b>14,9</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>1.625</b>	<b>1.928</b>	<b>18,6</b>
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	594	570	-4,0
Landbúnaðarmál	803	862	7,3
Samgöngumál	1.584	1.643	3,7
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	356	315	-11,5
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	0	15.163	-
Önnur efnahags- og atvinnumál	441	512	16,1
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>3.778</b>	<b>19.065</b>	<b>404,6</b>
Lyf og lækningavörur	1.430	1.230	-14,0
Heilsugæsla	2.322	2.447	5,4
Sjúkrahúsþjónusta	5.527	6.323	14,4
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	2.331	2.441	4,7
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	292	366	25,0
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>11.902</b>	<b>12.806</b>	<b>7,6</b>



Menningarmál	533	659	23,8
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	1.099	1.161	5,6
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>1.632</b>	<b>1.820</b>	<b>11,5</b>
Framhaldsskólastig	1.621	1.918	18,4
Háskólastig	7.079	7.178	1,4
Önnur menntamál	290	339	17,0
<b>Menntamál</b>	<b>8.989</b>	<b>9.435</b>	<b>5,0</b>
Örorka og fötlun	2.834	3.153	11,3
Öldrun	4.065	4.515	11,1
Fjölskyldur og börn	3.651	1.079	-70,4
Atvinnuleysi	1.073	1.031	-3,9
Vaxtabætur	111	4	-96,4
Önnur trygginga- og velferðarmál	616	774	25,6
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>12.349</b>	<b>10.557</b>	<b>-14,5</b>
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	1.002	1.234	23,1
Fjármagnstekjuskattur	88	59	-33,5
Annað	384	405	5,6
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>1.474</b>	<b>1.698</b>	<b>15,2</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>53.220</b>	<b>70.487</b>	<b>32,4</b>

### Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 35,4 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 55,1 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 6,2 ma.kr. og þar af námu erlendar afborganir 5,3 ma.kr. Innlendar lántökur námu 8,6 ma.kr. en staða ríkisvíxla lækkaði um 1,1 ma.kr., og nema því lántökur alls á tímabilinu 7,5 ma.kr. Engin erlend lántaka var á tímabilinu.

Á árunum 1981 og 1983 tók ríkissjóður lán í tveimur hlutum í sterlingspundum sem hefur alltaf gengið undir nafninu *Barnalánið*. Lántökurnar námu alls 30 milljónum sterlingspunda með 14,5% fasta vexti og átti að greiðast upp í einu lagi árið 2016.

Nú í lok janúar greiddi ríkissjóður lánið upp að fullu sem nam að jafnvirði 5,3 ma.kr.